



361. Stjórnarfundur haldinn 4. nóvember 2010 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá Birgi Má Bragasyni fulltrúa körfuknattleiksdeildar v/ K-húss við Hringbraut, þvottaaðstöðu í nýja félagsheimilinu og ráðningu á þrekþjálfara / styrktarþjálfara. *Varðandi K-hús þá var tekið jákvætt í erindið og framkvæmdastjóra ásamt gjaldkera falið að eiga fund með fulltrúum deildarinnar og ganga frá málinu. Varðandi þvottaaðstöðu í nýja félagsheimilinu þá er fyrirhuguð aðstaða fyrir þvott á búningum í gamla tækjaherberginu, en verið er að vinna í því að koma því á. Varðandi þrek eða styrktarþjálfara þá er bent á að deildir gætu unnið þetta saman en aðalstjórn getur ekki tekið þennan kostnað á sig.*

Tölvupóstur frá Jóhannesi Ingimarssyni InneX v/ borða í sal sem við keyptum. *Í póstinum kemur skýrt fram að öllum borðunum verði skipt út og væntanlega gert í byrjun janúar 2011. InneX biðst velvirðingar á að varan hafi verið gölluð.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Jólblað Keflavíkur.

EH skýrði frá stöðunni á blaðinu, kostnaði og auglýsingasöfnun. Skilafrestur á greinum er mánudaginn 15. nóv. Allt útlit fyrir að blaðið verði ca 40 síður. Umræður um dreifingu og upplag. *Framkvæmdastjóra falið að meta dreifinguna og upplag.*

5. Önnur mál.

EH sagði frá stuttum fundi sem hann átti með Jóhannesi Ellertssyni fulltrúa Stafnvíkur varðandi K-hússins við Hringbraut. Jóhannes mun koma á stjórnarfund væntanlega í desember og skýra stjórninni frá stöðu mála.

Næsti fundur 18. nóv. kl. 17:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:20
Fundinn ritaði SG

